

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026.

Frá meiri hluta allsherjar- og menntamálanefndar
(BHar, LínS, BGuðm, HHH, JSkúl, DagH).

1. mgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að samþykkja eftirfarandi aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026.
- Við aðgerðaáætlunina bætist ný aðgerð sem verði 1. aðgerð, svohljóðandi:
 - Þekkingaröflun og ráðgjöf.**
Áhersla verði lögð á öflun þekkingar á máltöku ólíkra aldurshópa og um kennslufræði íslensku sem annars máls og kennslu nemenda sem búa við fjölbreytt tungumála-umhverfi í daglegu lífi. Niðurstöðum rannsókna verði miðlað til kennara á starfsþróunar- námskeiðum og með ráðgjöf til kennara á öllum skólastigum.
Tímaáætlun: 2024–2026.
Ábyrgð: Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti.
Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneyti, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.
- Í stað ártalanna „2023–2026“ í 2., 7. og 10. aðgerð komi: 2024–2026.
- Í stað orðsins „Menntamálastofnun“ í 3., 10., 11., 12. og 13. aðgerð komi: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.
- Við 5. aðgerð.
 - Við 1. másl. bætist: á háskólastigi.
 3. másl. orðist svo: Nemendum standi til boða staðlotur í öllum landshlutum.
 - Í stað ártalsins „2025“ í tímaáætlun komi: 2026.
 - Við samstarfsaðila bætist: fræðsluaðilar.
1. mgr. 8. aðgerðar orðist svo:
Allir sem sinna hvers kyns miðlun séu meðvitaðir um þátt sinn í að efla íslenska tungu. Mikilvægi íslenskunnar verði ávallt haldið á lofti í samhengi listsköpunar og miðlunar menningar, ekki síst fyrir börn og ungmenni. Leitast verði við að skapa skilyrði fyrir fólk á öllum aldri og hvar sem það stendur í máltileinkun til að skapa og miðla list sinni á fjölbreyttri íslensku og njóta lista og menningar.
2. másl. 9. aðgerðar falli brott.
- Í stað orðsins „grunnfæri“ í 1. másl. 17. aðgerðar komi: grunnfærni.
- Við aðgerðaáætlunina bætist tvær nýjar aðgerðir, svohljóðandi:
 - 21. Fræðsla um máltöku og málþroska barna.**
Átak verði gert í fræðslu til foreldra og fagfólks í skólastarfi um mikilvægi þess tungumáls sem börn læra fyrst fyrir málþroska og máltöku barna og ungmenna.
Tímaáætlun: 2025–2026.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, heilsugæslan, Kennarasamband Íslands, Heimili og skóli – landssamtök foreldra og Samband íslenskra sveitarfélaga.

b. **22. Fræðsla og ráðgjöf handa innflytjendum þegar börn þeirra hefja skólagöngu í íslenskum skólum.**

Útfærðar verði leiðir til að tryggja foreldrum úr hópi innflytjenda fræðslu og ráðgjöf þegar börn þeirra hefja nám í íslenskum skólum. Markmiðið er að finna leiðir til að miðla upplýsingum um skólastarfið og tryggja foreldrum kennslu í íslenskum orðaforða sem tengist skólagöngu barnanna.

Tímaáætlun: 2024–2026.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu, Móðurmál – samtök um tvítyngi, fræðsluaðilar, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli – landssamtök foreldra.

10. Fyrirsögn tillögunnar verði: **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026.**